

Tillaga til 474. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar þann 15. apríl 2021

Tillaga frá 557. fundi skipulags- og mannvirkjanefndar, sem fram fór 8. apríl 2021, um að bæjarstjórn heimili vinnu við breytingar á deiliskipulagi miðbæjar Ísafjarðar frá 22. mars 1994.

2. Rofavörn, Pollgata – 2020020004

Óskað er eftir heimild til að hefja vinnu við breytingu á deiliskipulagi miðbæjar Ísafjarðar frá 22. mars, 1994. Breytingin felst í að færa grjóttgarð við Pollgötu sunnar í Pollinn svo hægt verði að koma fyrir opnu svæði, göngu- og hjólastíg sunnan við Pollgötu. Deiliskipulagið verður unnið í samráði við Vegagerðina sem áætlað að byggja upp nýjan sjóvarnargarð sunnan Pollgötu.

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila vinnu við breytingar á deiliskipulagi miðbæjar Ísafjarðar frá 22. mars, 1994.